



## Reglur um Esju mótaröð

### - miðvikudagsmótaröð GSS 2024.

Mótaröðin samanstendur af 10 stökum mótum sem haldin eru á tímabilinu 1. júní til 1. september. Mótin skulu að jafnaði vera á miðvikudögum. Ef ekki tekst að halda 10 mót á tímabilinu s.s. vegna veðurs eða annarra óviðráðanlegra aðstæðna má lengja tímabil um eina viku eða fækka mótum í röðinni og þ.a.l. þeim mótum sem telja til stiga.

#### Stök mót:

Í hverju stöku móti er keppt í þremur flokkum. Sigurvegari hvers flokks fær verðlaun frá Esju Gæðafæði, gjafabréf fyrir fjögurra manna grillveislu. Flokkarnir eru:

- ❖ punktkeppni með forgjöf konur,
- ❖ punktkeppni með forgjöf karla,
- ❖ opinn flokkur, punktkeppni án forgjafar.

Hámarksforgjöf er 36 öllum flokkum. Ef færri en 3 keppendur eru af öðru hvoru kyni eru karla og kvennaflokkar sameinaðir. Sami einstaklingur getur ekki unnið til verðlauna bæði í punktkeppni með forgjöf og án forgjafar í sama mótinu. Ef slíkt hendir vinnur sá/sú sem er í öðru sæti með forgjöf.

- Ef tveir eða fleiri keppendur eru jafnir í efsta sæti í punktkeppni með forgjöf gildir röð keppenda samkvæmt niðurstöðu reikniforrits GSÍ sem notað er við úrvinnslu punktamóta með forgjöf.
- Ef tveir eða fleiri keppendur eru jafnir í efsta sæti í punktkeppni án forgjafar gildir besta skor á holum 10-18. Ef enn er jafnt gildir besta skor á holum 13-18 og ef enn er jafnt gildir besta skor á holum 16-18 og ef enn er jafnt gildir besta skor á 18 holu, ef enn er jafnt er skorið úr um sigurvegara með því að varpa hlutkesti.

#### Árangur á mótaröðinni:

Veitt eru verðlaun fyrir besta árangur samanlagt í sömu flokkum og á stökum mótum raðarinnar. Punktkeppni í flokki karla og kvenna með forgjöf og punktkeppni án forgjafar í opnum flokki óháð kyni. Sigurvegari hvers flokks fær verðlaun frá Esju Gæðafæði, gjafabréf fyrir 8-10 manna grillveislu.

#### Í samanlögðum árangri mótaraðar telja 6 bestu mót keppanda.

- Sami einstaklingur getur ekki unnið til verðlauna í punktkeppni með forgjöf og án forgjafar. Vinningur færist á annað sætið með forgjöf.
- Ef tveir eða fleiri keppendur eru jafnir í punktkeppni með og án forgjafar vinnur sá/sú sem hefur unnið fleiri mót. Ef enn er jafnt gildir hærri meðaltals árangur úr öllum Esju mótum sem viðkomandi hefur tekið þátt í. Ef enn er jafnt er varpað hlutkesti.

*Ef ekki tekst að halda nema 8 eða 9 mót, þá telja 5 bestu. Ef mót verða 7 eða færri verða ekki veitt verðlaun fyrir samanlagðan árangur. Komi til þess, verða þeir vinningar dregnir út sem eftir standa óúthlutaðir eftir sumarið, leikmaður fær þá einn miða í pottinn fyrir hvert mót sem hann tók þátt í.*

### **Besta hola: HÖGGLEIKUR MEÐ FORGJÖF.**

Eftir hvert mót getur keppandi valið að skrá 1, 2, 3 eða 4 holur sem „besta hola“. Keppandi þarf að taka þátt í minnst í fimm mótum til að ná að skrá skor á 18 holur. Keppandi merkir á kortið sem staðsett er í sal klúbbhússins. Ekki er leyfilegt að breyta vali á „bestu holu“ eftir að móti hefur verið lokað í kerfi GSÍ eða eftir að leikmaður hefur skráð holur á kortið. Rétt er að áréttu að 1. hola er 1. hola og 10. hola er 10. hola o.s.frv. Sem þýðir að óheimilt er að skrá skor á 1. holu sem skor á 10. holu á skorkortið „Besta hola“.

Mótanefnd áskilur sér rétt til að breyta fyrirkomulagi mótaraðarinnar ef þurfa þykir..  
Reglur þessar voru settar af mótanefnd árið 2024.

### **Mótsgjald 2024**

GSS félagar kr. 2000 kr. fyrir hvert stakt mót. Afsláttarkort kr. 17.500 (tíu mót).  
Gestir greiða vallargjald samkvæmt gjaldskrá GSS til viðbótar við mótsgjald.

### **Verðlaun Esju mótaraðar 2024**

- ❖ Stök mót: 30x gjafabréf (grillveisla fyrir fjóra) að verðmæti kr. 12.200 í hverjum flokki.
- ❖ Esju mótaraðar meistari með forgjöf karla og kvenna fær gjafabréf (grillveisla fyrir 8-10 manns) að verðmæti kr. 29.000.
- ❖ Esju mótaraðar meistari mótaraðarinnar án forgjafar óháð kyni fær gjafabréf (grillveisla fyrir 8-10 manns) að verðmæti kr. 29.000.
- ❖ Esju mótaraðar Meistari fyrir *Bestu holu* fær gjafabréf (grillveisla fyrir 8-10 manns) að verðmæti kr. 29.000.